

Fundur Myndlistarráðs
Mánudagur, 21. október kl 8:30
Gimli, Lækjargötu

Fundur nr.4/2019

Boðaðir á fundinn eru: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Hannes Sigurðsson (Listfræðifélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM). Hera Guðmundsdóttir, verkefnastjóri ritar fundargerð.

Fundur settur k. 08.35

Dagskrá

1. Fundargerðir síðastu tveggja funda lagðar fram til samþykkis.

Samþykktar án athugasemda og undirritaðar á fundi.

2. Starfsemi Myndlistarráðs – fjármál og skipulag (Fyrirspurn Guðrúnar Erlu)

Starfsmenn og starfhlutfall þeirra og tengingar eru við ráðuneytið:

- Starfsmenn : Helga Björg Kjerúlf, framkvæmdastjóri; Klara Þórhallsdóttir,50%; Hera Guðmundsdóttir 30%
- Framkvæmdastjóri er í tengslum við ráðuneytið og verkefnastjórar eftir þörfum.

Föst og aðkeypt þjónusta :

- Aðkeypt þjónusta eftir þörfum : Forritun og umsjá heimasíðu : Björn Halldór Helgason
- Hönnun (ísl. myndlistarverðlaunin, viðurkenningarskjöl) : Studio Studio
- Aðkeypt þjónusta tengd afhendingu ísl. myndlistarverðlaunanna og ársúthlutun.

Fjármál 2019:

- Fjárhagsáætlun kynnt. Eftir seinni úthlutun úr sjóðnum eru eftirstandandi 331 þús kr sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun að settar verði í viðburð ársúthlutunar MMR.

Starfsemi KÍM og myndlistarráðs :

- Sameiginlegt húsnæði. Myndlistarráð nýtir fundaraðstöðu KÍM. Tæki og tól eru sameiginlega í þeim skilningi að verkefnastjórara KÍM nýta aðstöðu KÍM við verkefni myndlistarráðs.

Húsnæðismál :

- SÍM hefur ekki komið formlega að máli við KÍM varðandi húsnæði fyrir MMR. Samningur milli KÍM og MMR stendur og ef áhugi er fyrir því að breyta þessu fyrirkomulagi þyrfti að taka samninginn í heild til endurskoðunar. Fyrirspurn þess efnis þyrfti að berast stjórn KÍM og verkefnastjóri hefur ekki umboð til endursamninga. Rétt er að leigan hafi hækkað en KÍM hefur nú þegar undirritað nýjan leigusamning. Umsýslukostnaður MMR mun ekki hækka í kjölfar þessa nýja leigusamnings þar sem samningur á milli KÍM og MMR stendur óbreyttur.

Myndlistarráð óskar eftir fundi með stjórn KÍM. Verkefnastjóri tekur að sér að taka saman útlagðan kostnað ráðsins til KÍM og kynnir gildandi samning á næsta fundi. Umræðan berst að því hvert hlutverk Myndlistarráðs er og er sú umræða færð yfir á næsta fund. Ráðið sammála um að mikilvægt sé að byggja upp tengingar við ráðuneytið.

3. Umsóknarkerfi myndlistarsjóðs – drög að breytingum á kostnaðarformi kynntar

Hlynur Helgason kynnir tillögu að uppfærslu á kostnaðaráætlun umsóknarforms. Uppfærsla eigi að auðvelda umsækjendum umsóknarferlið og ráðið sammála um að fara eigi í breytingar strax þrátt fyrir möguleika á sameiningu kynningarmiðstöðva á næstu misserum. Umræða um hýsingu heimasíðu Myndlistarráðs – umræðan berst að því hvort síða myndlistarráðs ætti ekki að vera hýst undir síðu MMR. Ráðið kallar eftir tillögu að þjónustusamningi til Björn Halldórs Helgasonar, forritara, sem og yfirliti yfir unnin verkefni og greiðslur á síðustu árum. Ráðið er sammála um að mikilvægt sé að leiðbeiningar með umsókn séu inni í umsóknarforminu en ekki á aðskilinni síðu. Takmarka skuli magn upplýsinga við hverja spurningu. Rætt að skipting umsókna milli matsnefnda verði ekki lengur tengd flokkum, heldur verði umsóknum skipt í tvennt, hugsanlega eftir stafrófsröð (verkefna).

Óskað eftir vinnuskjali fyrir matsnefndir. Vinna að texta og útskýringum á nýja kerfinu. Nýbreytni verði að innan sömu umsóknar verði hægt að sækja um fyrir ólíkum verkþáttum : útgáfu, undirbúningi, efniskostnaði, uppsetningu (aðkeyptri vinnu). Umræða um skilgreiningu á rannsóknarvinnu – mikilvægt að listfræðingar geti sótt um fyrir eigin rannsóknarvinnu og skrifum.

4. Önnur mál

Meiri tengsl við ráðuneytið – gætu fundir ráðsins farið fram í húsnaði ráðuneytisins?

Breytingar á reglum sjóðsins, þ.e. styrkhæfir þættir umsókna. Ljóst sé að sjóðurinn þurfi meira svigrúm til styrkveitinga. Hvað er sjóðurinn að styrkja? Ríkið bjóði einnig rýmum og grastrótarstofnunum rekstrarstyrki eða styrki til launagreiðslna (fordæmi hjá sveitarfélögum). Hluti af stefnumótun ráðsins hvernig innleiða megi þessar breytingar.

næsti fundur settur mánudaginn 25. nóvember kl. 08:30

fundi slitið 09:50